



Landsvirkjun

LV-2020-043

# Viðhald fokgirðinga á bökkum Háslóns 2020

## Lykilsíða



Skýrsla LV nr: LV-2020-043

Dags: nóvember 2020

Fjöldi síðna: 4

Upplag: Rafræn

Dreifing:

- Birt á vef LV  
 Opin  
 Takmörkuð til

Titill: Viðhald fokgirðinga á bökkum Háslóns 2020

Höfundar/fyrirtæki: Rúnar Ingi Hjartarson, Elín Fjóla Þórarinsdóttir (m.a. forsíðumynd), Ágústa Helgadóttir

Verkefnisstjóri: Árni Jóhann Óðinsson (LV) / Árni Bragason (Lr)

Unnið fyrir: Landsvirkjun

Samvinnuaðilar: Landgræðslan

Útdráttur: Árið 2009 voru fokgirðingar settar upp þar sem hætta var talin vera á sandfoki á vesturströnd Háslóns. Á nokkrum stöðum í Kringilsárrana, aðallega í Ranasporði en einnig norðan við Kringilsá. Þessum girðingum hefur verið viðhaldið að mestu óbreyttum síðan. Í einhverjum tilvikum hafa girðingar verið færðar, fjarlægðar eða nýjar settar upp, eftir framvindu áfoks og útlit strandlengju. Nýjar girðingar voru settar upp vestan vegar á nokkra valda staði á austurströnd Háslóns 2020.

Lykilorð: Fokgirðingar, áfok, sandur, Háslón, Kringilsárrani.

ISBN nr:

Samþykki verkefnisstjóra  
Landsvirkjunar

# Viðhald fokgirðinga á bökkum Háslóns 2020





Skýrsla nr. LR-2020/19 Dagsetning: 30.10.2020

Fjöldi blaðsíðna: 4

Heiti: Viðhald fokgirðinga á bökkum Háslóns 2020

Höfundur: Rúnar Ingi Hjartarson

Ljósmyndir: Rúnar Ingi Hjartarson, Elín Fjóla Þórarinsdóttir (m.a. forsíðumynd),  
Ágústa Helgadóttir

Verkefnisstjóri: Árni Bragason

Unnið fyrir: Landsvirkjun

Samstarfsaðilar: \_\_\_\_\_

Útdráttur: Árið 2009 voru fokgirðingar settar upp þar sem hætta var talin vera á sandfoki á vesturströnd Háslóns. Á nokkrum stöðum í Kringilsárrana, aðallega í Ranaspóði en einnig norðan við Kringilsá. Þessum girðingum hefur verið viðhaldið að mestu óbreyttum síðan. Í einhverjum tilvikum hafa girðingar verið færðar, fjarlægðar eða nýjar settar upp, eftir framvindu áfoks og útlit strandlengju. Nýjar girðingar voru settar upp vestan vegar á nokkra valda staði á austurströnd Háslóns 2020.

Efnisorð: Fokgirðingar, áfok, sandur, Háslón, Kringilsárrani.

Verkefnisstjóri:



Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Inngangur .....</b>	<b>1</b>
<b>2</b>	<b>Fokgirðingar – framkvæmdir 2020 .....</b>	<b>1</b>




# 1 Inngangur

Meðal aðgerða til varnar mögulegs sandfoks á gróið land í umhverfi Háslóns voru settar upp fokgirðingar á nokkrum stöðum árið 2009. Girðingarnar eru nú í Kringilsárrana, aðallega í Ranasporði en einnig norðan við Kringilsá. Girðingar hafa einnig verið settar upp sunnar á Rananum. Þær hafa yfirleitt gefist vel til að hefta sandfok inn yfir gróið land. Girðingum hefur verið viðhaldið af Landgræðslunni að mestu óbreyttum síðan. Í einhverjum tilvikum hefur þó þurft að færa þær frá bakka ef strandlengja raskast og ógnar eða eyðileggur girðingarnar. Á austurströnd Háslóns voru settar upp girðingar 2020 á nokkra staði þar sem vart hafði verið áfoks vestur fyrir vegstæði.

Unnið er samkvæmt samningi milli Landsvirkjunar og Landgræðslunnar um viðhald fokgirðinga í umhverfi Háslóns. Stærstur hluti þess viðhalds fer fram utarlega í Kringilsárrana.

## 2 Fokgirðingar – framkvæmdir 2020

Farið var með girðingunum í Kringilsárrana og norðan við Kringilsá dagana 6. - 7.7. Sumir hlutar girðinganna þurftu nokkurt viðhald þar sem rofbakkar höfðu grafið undan þeim á köflum. Efnið sem fallið hafði í rofbakka var hreinsað. Ýmist var það endurnýtt í nýtt girðingastæði ofar á bakkanum, eða haugsett fyrir starfsmenn Landsvirkjunar að taka með yfir Kringilsá. Almennt voru girðingar í nokkuð góðu ástandi eftir veturinn.



Mynd 1: Staðsetning fokgirðinga í Kringilsárrana 2020, standandi og aflagðra. Rauði hlutinn á myndinni var endurnýjaður árið 2020.

Ný girðingar var sett upp töluvert ofar á bakka þar sem girðing hafði fallið í lónið í fyrra, um 75m kafli (sjá mynd 1). Eldri girðingar sem ónýttast eða falla í rofbakka eru oft of illa farnar og þeim skipt út fyrir mun lægri plastgirðingar sem eru einfaldari í uppsetningu.


Norðan Kringilsár var farið með girðingum en álag er þar mun minna en sunnan við, nánast eingöngu bundið við nokkra grafninga sem ganga inn undir girðingarstæðið frá Hálslóni. Yfirleitt liggur girðingin talsvert frá lóninu í sinni hæstu stöðu, auk þess sem mun minna laust efni virðist vera norðan við ána. Það er því lagt til að þessar girðingar verði aflagðar og niðurteknar þegar viðhald þeirra fer vaxandi. Skammt frá slóð að girðingu norðan við Kringilsá liggur talsvert af ónotuðu girðingaefni sem bar þess merki að hafa hreyfst í vind- eða vatnsáangangi. Þetta efni mætti einnig fjarlægja.

Rúnar Ingi Hjartarson sá um viðhald girðinga árið 2020 og naut aðstoðar Ágústu Helgadóttur eftir því sem aðstæður voru til.

Á austurbakka Háslóns voru settar upp girðingar á nokkra kafla vestan við vegstæði þar sem áfok hafði mælst hvað mest austur yfir veg (sjá skýrslur Úttekt og mælingar á áfoki við strönd Háslóns Áfangaskýrsla 2019 og 2018). Hluti þeirra var settur upp um mánaðarmótin júní-júlí og verkinu lokið um miðjan ágúst. Girðingar voru settar á 8 staði, samtals um 550m langar.



**Mynd 2: Lindabunga. Staðsetning fógirðinga sem reistar voru á austurbakka Háslóns 2020.**



**Mynd 3: Kofaalda. Staðsetning fógirðinga sem reistar voru á austurbakka Háslóns 2020.**





**Mynd 4: Eldri girðing endurnýjuð í plasti og færð ofar. Ljósm. ÁH.**



**Mynd 5: Sama girðing. Horft til Snæfells. Ljósm. ÁH.**



**Mynd 6: Endurnýjuð girðing og efnislager. Ljósm. EFP.**



**Mynd 7: Hluti girðinga inn með Kringilsá er endurnýjaður. Ljósm. EFP.**



**Mynd 8: Við Kofaöldu. Girt milli vegar og lóns. Sandur hefur safnast austan við veg undanfarin tvö ár. Ljósm. RIH.**



**Mynd 9: Á Lindabungu. Girt á milli sandgilda. Ljósm. RIH.**